

Raforkumálastjóri
Vatnamælingar

Skilagrein 214

VÖTN Á FJARDARHEIÐI
- Kölluár og Miðhúsaá -

Reykjavík 9. jan. '61

S. Rist

1960 (81. löggjafarþing) — 47. mál.

Sþ. 47. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn virkjunarskilyrða í Fjarðará.

Flm.: Einar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta á næsta sumri fara fram rannsókn á virkjunarskilyrðum í Fjarðará, miðað við að hagnýta einnig vatnsmagn Kötluánna og Miðhúsaárinnar, ef fært þætti, ásamt stækken Heiðarvatnsins.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrædd. Tillöggunni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Rafvæðingin er eitthvert mikilvægasta framfaramál þjóðarinnar. Í raforkuáætluninni var gert ráð fyrir að fullnægja raforkuþörf Austurlands með virkjun Grímsár, þar sem fengust 3500 hö. Eins og annars staðar fer raforkuþörfin vaxandi á Austurlandi, og þarf að fara að hugsa fyrir næstu virkjun þegar í stað. Draga ekki hvað sít til sin raforku hin stóru iðjuver, sem rísa í kaupstöðunum, svo sem síldarbræðslur og frystihús, jafnframt vaxandi notkun almennings á rafmagni.

Af þessum ástæðum er þessi þingsályktunartillaga flutt um, að Alþingi skori á ríkisstjórnina að láta þegar á þessu sumri fara fram rannsókn á virkjunarskilyrðum í Fjarðará, miðað við að hagnýta einnig vatnsmagn Kötluánna og Miðhúsaárinnar, ef fært þætti, ásamt stækken Heiðarvatnsins. En því er bent hér á Fjarðará, að verkfraeðingarnir Höskuldur Baldvinsson og Sigurður Thoroddsen bentu 1947 á hana sem ákjósanlegasta til að ráðast í virkjun á, enda þótt Grimsá yrði fyrir valinu. Telja þeir, að virkjun Fjarðarár á tveim stöðum mundi gefa 6200 og 3200 hestöfl. - 9400 ltr
6200 ltrs Þá var aðeins reiknað með að hækka stífluna í Heiðarvatni um 9 metra, en hins vegar ekki að hagnýta fyrrgreindar ár á vatnasvæði Fjarðarár til aukningar á vatnsmagninu. Gizka mætti á, að það mundi auka vatnsmagnið um 50%, ef framkvæmanlegt væri að veita þeim í Fjarðará. Fengist um 15000 hestafla orka við fullnaðarvirkjun Fjarðarár, ef þetta fengi staðið. Til samanburðar má geta þess, að Grímsárvirkjunin er 3500 hestöfl. Mikill kostur við virkjun Fjarðarár er, að unnt er að taka hana í áföngum, eftir því sem raforkuþörfin vex.

Að beina Kötluánum í Heiðarvatnið, sem Fjarðará rennur m. a. úr, er ekki talið erfitt né kostnaðarsamt. Hins vegar er erfíðara að segja um hagnýtingu Miðhúsaárinnar í þessu skyni, en vel virðist það í skjótum bragði vera framkvæmanlegt, en nauðsynlegt er að fá úr því skorið til fulls og hvað það mundi kosta með tilliti til framtíðarvirkjana á Austurlandi.

Upptök Fjarðarár eru um 10 km frá Seyðisfirði, og hefur hún um 500 m fallhæð á aðeins 8 km vegalengd. Hún var eitt fyrsta vatnsfall hér á landi, sem var virkjað í smáum stíl til að sjá Seyðifirðingum fyrir rafmagni. Fyrir liggja áratuga vatnsmælingar í ánni, og er þar því á traustum grunni að byggja hvað það snertir.

Út í hugleiðingar um virkjun annarra vatnsfalla á Austurlandi til að bæta enn frekar úr framtíðarþörf Austfirðinga fyrir rafmagn skal ekki farið hér. Fjarðará virðist hafa marga kosti til að bera til virkjunar, og má í því sambandi minna á álit hinna velmetnu verkfræðinga. Æn þegar taka þarf ákvörðun um næstu virkjun, er nauðsynlegt, að fyrir liggi rannsókn á virkjunarskilyrðum Fjarðarár, miðað við að hagnýta einnig vatnsmagn nálægra vatnsfalla og aðstöðu til stækunar Heiðarvatns með vatnsmiðlun fyrir augum.“

Í Morgunblaðinu 22. september 1959 er grein, sem ber nafnið "Rafvæðing Austurlands" og er eftir Gest Jóhannsson. Greinarhöfundur hvetur til virkjunar Fjarðarár. Hann telur auðvelt að ná Kötluánum til Heiðarvatns og greinir frá ferð sinni, ásamt Þorbirni Arnoddssyni um svæðið nokkru aður en greinin er skrifuð, og þá hafi gengið þurkar undanfarið. Um rennsli Kötluánnna fáast Gesti orð á þessa leið. "Í nyrðri Kötluánni var vatnsrennslið mjög lítið, en um það bil helmingi meira í þeirri syðri. Kvaðst Þorbjörn aldrei hafa séð árnar jafn vatnslitlar, en taldi ekki líklegt, að vatnsrennslið í þeim mundi minnka stórkostlega, þótt þurkar héldust. Vatnasvæði er þarna allstórt og viða dý og kaldavermsi, en mikil snjóþyngsli á vetrum. Telur Þorbjörn reynsluna hafa sannað, að vatn þryti aldrei í ánum að vetrarlagi. Við sannfærðumst einnig um, að kostnaður við að beina ánum í Heiðarvatnið yrði hverfandi og framkvæmdir á því mjög auðveldar. Við athuguðum einnig vatnsrennslið í Fjarðaránni, þar sem hún rennur í gegnum stífluna við Heiðarvatnið og virtist okkur, að það mundi aukast a.m.k. um 1/3 við tilkomu vatnsins úr Kötluánum, eins og það var þá."

Þá ræðir greinarhöfundur einnig um þann möguleika að ná upptakakvíslum Miðhúsaárinnar til Heiðarvatns og farast orð m.a. á þessa leið. "Hinn möguleikinn til þess að auka vatnsrennslið í Fjarðaránni er ekki eins auðveldur í framkvæmd. Hann er sá að stífla Miðhúsaána." Þorbjörn er trúnaðarmaður vatnamælinga við vötn á Fjarðarheiði og oft hefur verið rætt við hann um Kötluárnar, Miðhúsaá og fleiri vatnsföll, en hann hefur aldrei getið sérstaklega um þessa ferð með Gesti. Fyrir nokkrum árum, eða nánar tiltekið í þann mund sem Rafveita Seyðisfjarðar kom upp miðlun við Heiðarvatn, beindist hugur manna að Kötluánum og upptökukvíslum Miðhúsaár, hvort drygja mætti vatn Fjarðarár með þeim. Þetta var þá athugað lauslega, en niðurstaðan varð sú, að það þótti ekki ráðlegt að leggja

í kostnað í sambandi við það, enda er svo, að þessar
 ár eru hvað minnstar einmitt á þeim tíma, sem vatnsins
 var þörf. Ekki er mér ljóst, hvort frá þeim tíma eða
 nokkrum árum síðar, að teikning sú er, ~~er~~ hér fylgir með, Sein
 og er eftir Sigurð Þórarinsson og er af tjörn nokkurri, sem
 er á vatnaskilum Miðhúsaár og Kötluár hinnar ytri. Teikningin
 ber númer Fnr. 2359. Enginn mælikvarði er á teikningunni,
 en mér telst til, að er tjarnarskálin stendur full, það er
 breiddin, þar sem hún er mest, 200-250 m og lengdin um
 600 m, en það tekur vatn að falla til Miðhúsaár. Það
 sem stendur á teikningunni "jarðstífla" er sæmilegt
 stíflustæði, en ekki hefur verið ráðið í að setja þar
 jarðstíflu, enda væri það óleyst að koma vatninu til
 Fjarðarár.

Á Alþingi 1960 kom fram tillaga til þingsályktunar um
 rannsókn virkjunarskilyrða á Fjarðará, flutt af Einari
 Sigurðssyni. Það var tillaga nr. 47 á 81. löggjafarþingi.
 Er á þessa leið: "Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina
 að láta á næsta sumri fara fram rannsókn á virkjunarskilyrðum
 í Fjarðará, miðað við að hagnýta einnig vatnsmagn Kötluánnar
 og Miðhúsaárinnar, ef fært þætti, ásamt stækjun Heiðarvatnsins."
 Í greinargerð með tillöggunni segir m.a.: "Að beina Kötluánum
 í Heiðarvatnið, sem Fjarðará rennur m.a. úr, er ekki talið
 erfitt né kostnaðarsamt. Hins vegar er erfiðara að segja
 um hagnýtingu Miðhúsaárinnar í þessu skyni, en vel virðist
 það í skjótu bragði vera framkvæmanlegt, en nauðsynlegt er
 að fá úr því skorið til fulls, og hvað það mundi kosta með
 tilliti til framtíðarvirkjana á Austurlandi."

Að ná Miðhúsaánni til Heiðarvatnsins hefur verið aður til
 athugunar hér á skrifstofunni. Læt ég hér með fylgja
 teikningu, sem sýnir mælingar á Fjarðarheiði. Það er
 blaðskipting, teikning frá 1953 Fnr. 2362, en það var mælt
 allt neðan frá Seyðisfirði og vestur á Norðurbrún. Mér
 er ekki kunnugt um, hvort til er kostnaðaráætlun þar að
 lútandi, en sennilega hægur vandi að sjá af þeim kortum,
 sem til eru, af hvaða stærðargráðu hún er.

Kötluárnar

Vatnasvið Kötluánnar er $3-4 \text{ km}^2$ í 580 m hæð, þ.e.a.s. í þeirri hæð, sem Heiðarvatn er. Aðeins með jarðgöngum yrði vatni af því svæði náð til Heiðarvatns.¹⁾ Vatnasvið tjarnarinnar, sem rissmyndin er af, er tæpur 1 km^2 . Meðalrennsli af svæðinu er 80-90 l/s, eða 2,5-2,8 Gl á ári.

Miðhúsaá, Norðurbrún

Vatnasvið Miðhúsaár á Norðurbrún í 580 m hæð er nálægt 12 km^2 . Meðalrennslið 750-800 l/s og meðalárvatn um 25 Gl. Rennsli Miðhúsaár á Norðurbrún er misjafnt eftir árstíðum. Mest er það á vorin og fyrri part sumars. Á vetrum er það langtínum saman um 40 l/s, fer jafnvel niður í 20 og enn neðar, þegar langvinn frost ganga. Síðastliðið haust um mánaðamótin október-nóvember var rennslið 60 l/s af Norðurbrún.

Fjárveiting


Ef flutningsmaður tillögunnar aflaði henni fylgis á þingi og tryggði henni fjárveitingu og verja mætti því fé að öllu eða einhverju leyti til rannsókna á vatni á Fjarðarheiði, þá væru það tillögur vatnamælinga að gera eftirfarandi:


1. Skipta um lokuútbúnað í Heiðarvatnsstíflu. Reynt hefur verið að mæla rennslið um stífluna undanfarin ár. Það hefur gengið misjafnlega og yfirleitt illa. Útbúnaðurinn er ekki annar en sá, að loðréttum plönkum, svonefndir stafir, eru teknir úr flóðgátt eftir því sem miðla þarf. Vatnshæð í Heiðarvatni hefur verið skráð vikulega og sömuleiðis skráð hve margir stafir hafa verið teknir úr eða settir í, svo það á að vera ljóst, hve opið er stórt. Þetta er nú að verulegu leyti gengið úr sér, stafirnir eru misjafnlega breiðir og svo bogna þeir. Ís truflar, og margt fleira gerir þessa mælingu mjög ónákvæma.

✓ ef ið nái þein bent að unnið yði súta þein í skilgreinum fyrir og und heini í Heiðarvatn

2. Þegar mælingar á rennsli úr Heiðarvatni eru komnar í gott lag, er röðin komin að Miðhúsaá á Norðurbrún. Nú er áin mæld niðri hjá Steinsholti. Þarf er vatnsviðið 18 km^2 , meðalrennslið $1,23 \text{ kl/s}$, meðalafrennsli 68 l/s , og venjulegast er áin á bilinu $250\text{-}400 \text{ l/s}$. Ef mæla á rennslið á Norðurbrún, þarf að byggja þarf yfirfallsstíflu og setja niður síritandi mæli. Stíflan þyrfti að vera úr steinsteypu með tveim skörðum, V-lafa yfirlalli og rétthyrningsyfirlalli. V-laga yfirlallið ætti að ná 50 cm lengra niður en rétthyrningsyfirlallið. Þá renna 240 l/s um V-laga yfirlallið áður en vatnið nær aðal-yfirlallinu. Í frostum á vetrum yrði áin eingöngu í V-laga yfirlallinu og auðvelt að halda því hreinu og fá öruggar mælingar á síritandi vatnshæðarmæli. Yfirlölin bæði til samans yðóu að taka $12\text{-}15 \text{ kl/s}$.
3. Einstaka samanburðarmælingar gerðar á rennsli Kötluánni og þær miðaðar við rennslið úr Heiðarvatni og rennslið um Norðurbrún.

Athuga þarf hvort vatnsgeymar á Fjarðarheiði eru ekki hentugir í sambandi við dælustöð, ef svo mun reynast skipti rennsli Miðhúsaár og Kötluánnna litlu máli.





Eftir þessum farvegi
rennur vatn þegar hatt
er í stöðuvatninu.


Vatn á Fjardarheiði.

S. Þórssen

Trin 52

B2M-281

B2M FB1
2359



SVERDI MELD 1953.

A759 SVERDI TEIKNUÐ UPP EFTIR GÖNLUN UPPDRÄTTUM FRÁ SIGURÐI THORODDSENI.

RAFORKUMÁLASTJÓRI	23.3.'54 E.G.
FJARDARÁRVIRKJUN	1:20000
BLAÐSKIPTING	B2M 91
MELT 1953	TNR. 89
FNR. 2362	